

„Efra rúmið í 10. deild, fylgið mér eftir, herra minn“, sagði þjónninn. „Hvítan er uppháin, svo þér getið strax lagt yður fyrir“.

Þegar Mr. Barnes kom inn í vagninn, var enginn maður sjáanlegur í honum. Ef nokkrir aðrir farþegar voru í honum, þá voru þeir allir gengnir til rekkju. Fáum mínútum seinna var Mr. Barnes kominn upp í hvílu sína og var að berja tvo litla dúnsvæsla, sem hann hafði látið hvern ofan á annan í þeim árangurslitla tilgangi að þeir gætu notast sem einn koddí. Hann hafði sagt þjóninum að hann væri dauðþreyttur, og þetta var líka satt og hann hefði átt að sofna strax. En þrátt fyrir þetta var heili hans sérlega starfandi, svo manninum var ómögulegt að sofna.

Mr. Barnes — hann hafði nefnt sig Jack Barnes þegar hann talaði við svefnvagns-þjónninn — var leynilögreglumaður, og var talinn einhver hin allra kænasti maður í þeirri stöðu í New York, enda var hann yfirmaður privat uppgötvunar-skrifstofu, er hann hafði sjálfur stofnað. Hann hafði rétt lokið við uppgötvunar-verk, sem hann áleit að hefði tekist mjög ánægjulega. Stórþjófnadur hafði verið framinn í New York-borg, og mjög sterkur grunur hafði fallið á ungan mann nokkurn, sem hafði strax verið tekinn fastur, kærður um glæpin. Í tju daga höfðu blöðin í New York verið að prófa mál hins grunaða og sanna sök á hann, en á meðan á því stóð hafði Mr. Barnes laumast burt úr borginni. Hálfum sólarhring áður en vér hittum hann á járnbrautar-lestinni, höfðu